

AUGLÝSING

um friðlýsingu hellisins Jörundar í Lambahrauni.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti hellinn Jörund í Lambahrauni við Hlöðufell. Dropasteinar í hellinum eru þegar friðlýstir með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974.

Óheimilt er að fara í hellinn án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, sem getur gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir umferð í leyfisleysi.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1985.

Ragnildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 334

13. ágúst 1985

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

- | | |
|------------------------|-------------------|
| 1. Götu- og útilýsing. | Af uppsettu aflí. |
| Aflgjald | 7 780,00 kr/kWa |
| Viðhaldsgjald | 9 360,00 kr/kWa |
| Gjald samtals | 18 140,00 kr/kWa |

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulyfsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnþúnaði rafveitunnar.

- 4,32 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

B. Heimilisnotkun.

4,32 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

- 4,32 kr/kWh til véla.
- 1,03 kr/kWh og 5 140,00 kr/kWa til véla og fyrir iðnaðarhita eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflsnotkun 30 kW.
- 6,50 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.

Fast gjald3 110,00 kr/a